

Formáli

fyrir „Ísland hið nýja“ (1997)

Fáar þjóðir hafa tekið jafn miklum stakkaskiptum á þessari öld og Íslendingar. Fátæk landbúnaðarþjóð sem komst í góð efni af sjávarútvegi er að fóta sig í nýjum heimi fjarskipta og fjölpjóðaviðskipta. Frumatvinnuvegirnir, landbúnaður og sjávarútvegur hafa færst á færri hendur. Flestir stunda nú iðnað og þjónustu. Breyttir atvinnuhættir hafa leitt til búferlaflutninga. Áður réðst byggðin af nálægð við náttúrugæði, einkum grasvöxt og fiskgengd. Nú býr stærstur hluti þjóðarinnar í þéttbýli þar sem samgöngur eru greiðastar, þjónustan best og orkan ódýrust.

Bætt vegakerfi hefur rofið einangrun byggðarlaga og gert flutninga á landi svo greiða að þeir leysa æ stærri hluta flutninga á sjó og í lofti af hólmi. Ódýrar flugsamgöngur milli landa færa okkur erlenda gesti og ferðaðþjónusta er vaxandi atvinnugrein. Betri vegir, jarðgöng og ný tækni í ferðum um óbyggðir, jafnt sumar sem vetur, opna okkur nýjar víddir í samskiptum byggðarlaga og tækifæri til ferðalaga. Þar höfum við uppgötvað nýja auðlind, ósnortnar auðnir og eyðibyggðir.

Orkulindir okkar í fallvötnum og jarðhita eru enn að mestu óbeislaðar. Þótt orkuvinnsla úr vatnsafla og jarðhita valdi minni umhverfisvanda en vinnsla úr öðrum orkugjöfum komumst við ekki hjá því að leggja vegi að orkulindunum og reisa þar mannvirki sem spilla þeirri ásýnd ósnortinnar auðnar sem margir ferðamenn sækjast eftir. Til þess að vega gagnstæða hagsmuni, velja milli þeirra eða tryggja sambúð allra atvinnugreina þarf framsýni og skipulag.

Höfundar þessarar bókar hafa hugleitt þennan vanda. Trausti Valsson er brautryðjandi sem skipulagsfræðingur hér á landi. Hann hefur lagt áherslu á ný viðhorf og nauðsyn þess að við horfum fram, óbundin af fyrri lífsháttum og sögu. Margar hugmyndir hans eru nýstárlegar og ögrandi, enda settar fram til að hvetja til umræðu og íhugunar. Hann fylgir þar skyldu sinni sem háskólakennari að greina, íhuga og fræða.

Birgir Jónsson er einn af frumkvöðlum okkar í jarðverkfræði og hefur glögga yfirsýn yfir tækifæri okkar til bættra samgangna, nýtingar vatnsafls og jarðhita og þekkir leiðir til að ná sátt milli sjónarmiða nýtingar og verndunar.

Í bókinni hvetja þeir til varfærni í ákvörðunum um skipulag Miðhálandisins. Útivistarlönd þurfa vernd svo að þeim verði ekki spillt með skammsýnum framkvæmdum. Sú vernd má þó ekki ganga svo langt að hún girði fyrir þá nýtingu orkulinda sem ákjósanleg reynist. Ég tek undir þær vonir höfundanna að bók þeirra vekji umræðu og hvetji til skynsamlegra ákvarðana svo að auðlindir Miðhálandisins megi verða öllum landsmönnum til ánægju og nytja.

Sveinbjörn Björnsson,
rektor Háskóla Íslands

Ákall til ráðamanna BÆKUR Fræðirit**ÍSLAND HIÐ NÝJA** eftir Trausta Valsson og Birgi Jónsson Fjölvaútgáfa 1997 - 184 síður

STUNDUM er kvartað yfir því að menntamenn neiti að taka afstöðu til og jafnvel þátt í umræðu um þjóðþrifamál. Þessi gagnrýni verður ekki með neinni sanngirni viðhöfð um höfundu bókarinnar Ísland hið nýja, þá Trausta Valsson, skipulagsfræðing og Birgi Jónsson, jarð- og verkfræðing. Þeir ræða og taka að einhverju leyti afstöðu til margra þeirra deilumála er hafa verið og munu verða ofarlega á baugi hérlendis. Má þar nefna nýtingu orkuauðlinda, stóriðju, ferðaþjónustu, náttúruvernd, vegagerð um hálendið og þróun búsetu til sjávar og sveita.

Meginmarkmið bókarinnar virðist tvíþætt. Annars vegar að vekja almenning og stjórnvöld til vitundar um mikilvægi þess að huga skipulega og meðvitað að heildarskipulagi byggðar og atvinnulífs í landinu. Slíka meðvitund skortir hér og hefur búsetuþróun oft ráðist af tilviljunum, hagsmunum smákónga eða Úreltum forsendum. Sjálfir lýsa höfundarnir hugsjónum sínum með eftirfarandi orðum:

„Þessi bók er ákall til ráðamanna um að gera verulegt átak í skipulagi sem og aðgengi að gögnum, sem tengjast öllum helstu ákvörðunum um byggð á landsvísu“ (bls. 63). Í bókinni kynna höfundar sögu og aðferðir skipulagsfræðinnar og hvernig hún geti nýst við ákvarðanatöku í samtímanum.

Stundum er erfitt fyrir leikmann að fylgja höfundum eftir sökum þess hversu mörg járn þeir hafa í eldinum en oft tekst þeim, með hjálp skýringarmynda, að koma miklum upplýsingum á framfæri í stuttu máli og einfalda og skýra um leið röksemdafærslur sínar. Þeim tekst til dæmis vel upp þegar þeir skýra hvaða svæði þeir telja að henti best sem „ósnortin víðerni“ á Íslandi (bls. 134-35).

Hér er auðvelt að meta forsendur þeirra og vinnuaðferðir og leggja sjálfstætt mat á niðurstöður þeirra.

Einnig er gerð nokkuð ítarleg grein fyrir menntun og störfum Trausta Valssonar, oft með nokkuð persónulegum og opinskáum stíl: „Í þessu nýja umhverfi [Berkeley, þar sem Trausti stundaði doktorsnám] manngæsku og opinna samskiptaneta, ummótaði nú Trausti Valsson hina hörðu persónugerð sína, - sem mótuð hafði verið af prússneskri harðneskju í Berlín, - yfir í kaliforníska og nútímalega mýkt“ (bls.50). Þessi ummótun hefur haft mikil áhrif á aðferðafræði og hugmyndafræði Trausta, ekki síst að því leyti að hann telur það ekki hlutverk skipulagsfræðinga að vísa á einhverja eina leið heldur að lýsa samspili ólíkra leiða eða valkosta. Hann lýsir fimm slíkum valkostum fyrir Ísland: Sjávarútvegsleið, Orkuvinnsluleið, Verndunarleið, Þekkingarleið og Ferðaiðnaðarleið.

Margt er fróðlegt í þessari bók og gagnrýni höfundanna er stundum skörp og beinskeytt. Í sjöunda kafla bókarinnar er t.d. eftirfarandi athugasemd: „Það er hinn einhæfi menntunargrundvöllur embættismanna og tæknimanna, sem er grunnorsökin fyrir því, að menn vinna innan íslenska

stjórnkerfisins út frá mjög þröngum sjónarhornum síns viðfangsefnis" (bls. 113). Fylgja athugasemdinni skynsamlegar hugmyndir um hvernig megi víkka menntun embættismanna.

Hitt meginmarkmið bókarinnar er að setja fram ítarlega gagnrýni á nefnd þá sem skilaði af sér Tillögum um svæðisskipulag miðhálandis vorið 1997. Höfundarnir byrja snemma að nefna eða ýja að þessari gagnrýni en þriðji og síðasti hluti bókarinnar er síðan helgaður henni.

Hér hafa höfundarnir nánast allt á hornum sér: Samsetning nefndarinnar, meginniðurstöður hennar og framsetning á þeim. Auk þess sem þeir draga hlutverk og valdsvið nefndarinnar í efa. Einkum telja höfundarnir bagalegt hversu mikið tillit nefndin tekur til verndunarsjónarmiða (gangi lengra en Náttúruverndarráð), að hún vilji halda vegaframkvæmdum á hálandinu í lágmarki og hvetji til að uppbygging á ferðamannastöðum á miðhálandinu verði takmörkuð. Hér gefst ekki kostur til að leggja mat á þessa gagnrýni enda kallar hún á tímaritsgrein sérfróðra manna. Ég tel þó að bókarhöfundar hafi ekki skýrt nægilega vel með hvaða hætti þeir telja að náttúruverndarsjónarmið eigi eða megi koma inn í ákvarðanatöku.

Hvernig á t.d. að skera úr um það hversu mikið náttúruverndargildi ákveðið svæði eða miðhálandið í heild sinni hefur? Hvernig gengur umrædd nefnd alltof langt? Hvað eigum við við með því að segja að einhver gangi of langt í þessum efnum? Gengur sá of langt sem gengur lengra en Náttúruverndarráð? Almenningsálitið? Þjóðarviljinn? Upplýst stjórnvöld? Mér virðist sem bókarhöfundar leggi öll þessi viðmið til grundvallar en þau þarf að skýra og rökstyðja betur enda geta þau stangast á innbyrðis.

Stundum skortir á að bókarhöfundar skilji hvers eðlis rök náttúruverndarsinna eru og hversu sterkum böndum þeir tengjast ákveðnum stöðum á landinu. Eg skildi t.d. ekki gagnrýni þeirra á þær þjónustumiðstöðvar sem byggðar hafa verið fjarri Reykjavík, svo sem við Ásbyrgi og Skaftafell. Sú gagnrýni virðist leiða fjárhagssjónarmið til öndvegis og gleyma sjónarmiðum náttúruunnenda. Sem Reykvíkingi og náttúruunnanda finnst mér vandinn ekki vera sá hversu langt þjónustumiðstöðin við Ásbyrgi er frá Reykjavík, heldur hversu langt Ásbyrgi er frá Reykjavík. Og jafnvel það finnst mér smávægilegt í þessu litla landi okkar.

Bókin Island hið nýja gefur tilefni til snarpra skoðanaskipta um framtíð byggðar á Íslandi sem gaman verður að fylgjast með.

Róbert H. Haraldsson

Nýjar bækur

ÚT er komið nýtt fræðirit

ÚT er komið nýtt fræðirit eftir Trausta Valsson og Birgi Jónsson um stöðu Íslands í heimi framtíðarinnar með útfærsluhugmyndum um skipulag landsins og tilveru þjóðarinnar á komandi öld. Bókin nefnist Ísland hið nýja Aldamótin 2000. Útgáfan tengist ráðstefnu um skipulag Miðhálandisins.

Nýjar bækur

ÚT er komið nýtt fræðirit eftir Trausta Valsson og Birgi Jónsson um stöðu Íslands í heimi framtíðarinnar með útfærsluhugmyndum um skipulag landsins og tilveru þjóðarinnar á komandi öld. Bókin nefnist Ísland hið nýja Aldamótin 2000. Útgáfan tengist ráðstefnu um skipulag Miðhálandisins.

Sveinbjörn Björnsson skrifar formála að bókinni og lýsir starfi höfundanna m.a. með þessum orðum:

"Trausti Valsson er brautryðjandi sem skipulagsfræðingur hér á landi. Hann hefur lagt áherslu á ný viðhorf og nauðsyn þess að horfa fram, óbundinn af fyrri lífsháttum og sögu. Birgir Jónsson er einn af frumkvöðlum okkar í jarðverkfræði og hefur glögga yfirsýn yfir tækifæri okkar til bættra samgangna, nýtingar vatnsafls og jarðhita og þekkir leiðir til að ná sátt milli sjónarmiða nýtingar og verndunar."

Í kynningu segir: "Lokakaflinn fjallar svo um eitt brúnasta samtíðarviðfangsefni okkar að búa okkur undir komandi öld. Á 21. öldinni verður nýtt landnám Íslendinga inn á við inn til landsins til hins víðfeðma Miðhálandis sem getur tryggt þjóðinni meiri hagsæld en nokkru sinni, sé skipulega haldið á hlutunum."

Útgefandi er Fjölvi. Bókin Ísland hið nýja Aldamótin 2000 er um 200 bls. að stærð og fylgja textanum um 400 skýringarmyndir. Bókin er prentuð hjá Steinholti hf., filmutekin hjá Prentþjónustunni og bundin hjá Flatey hf. Verð hennar er kr. 2.960.

***Skipulagstillaga um Miðhálandið
gagnrýnd í nýrri bók***

**Tillagan sögð hamla
fram tíðarnýtingu**

Í NÝRRI bók er tillaga að svæðisskipulagi

Miðhálandisins harðlega

gagnrýnd, m.a. fyrir að gera
verndunarsjónarmiðum

of hátt undir höfði.

Bókin nefnist *Ísland hið nýja*, og

segja bókarhöfundarnir, *Trausti*

Valsson skipulagsfræðingur og

Birgir Jónsson jarðverkfræðingur,

að nefndin, sem vann að

Miðhálandisskipulaginu

hafi látið eiginhagsmuni

sveitarfélaga ráða og verndunarmenn

innan hennar hafi náð yfirhöndinni

í slíkum mæli, að tillögur

nefndarinnar fari langt fram úr tillögum

sem Náttúruverndarráð hafði

áður sett fram. Það virðist hafa

verið kappsmál nefndarinnar, sem

vann að skipulagstillögunni, að gera

umferð um Miðhálandið og fram tíðarnýtingu

þar sem erfðasta og í

þeim tilgangi beiti hún ekki síst

ákvörðun um gríðarlega stór verndunarsvæði.

Sú skoðun er sett fram í bókinni,

að í skipulagstillögunni sé núverandi

kynslóð og valdaaðilar að

beita valdaaðstöðu sinni til að loka

á að kynslóðir fram tíðarinnar hafi

möguleika á að taka sjálfir ákvarðanir,

t.d. um nýtingu orkuauðlindanna

á Miðhálandinu. „Eftir að þau

verndarsvæði, sem samkvæmt

skipulagstillögunni eru mörg hver

staðsett á orkuríkustu stöðum hálandisins,

hafa verið til í mörg ár,

er það nánast óhugsandi að fá í

gegn þær breytingar á skipulaginu

sem gerði nýtingu margra bestu

orkukostanna mögulega," segir í bókinni.

Umsagnarfrestur um svæðisskipulagstillöguna

er til 10. október.

Vegir yfir hálendið

Í inngangi bókarinnar segir að fólk muni í framtíðinni gera kröfur um möguleika á miklum hreyfanleika innanlands og eiga greiðan aðgang að bestu þjónustu sem völ er á.

Þar skipti meginmáli fyrir mörg héruð sá möguleiki að geta lagt vegi stystu leið yfir hálendið og í ljósi þess þyki mörgum skjóta skökku við að í skipulagstillögunni um Miðhálendið sé mörkuð sú stefna að halda vegaframkvæmdum þar í lágmarki.

Fjölvi gefur bókina út. Hún er 200 blaðsíður að stærð, prentuð hjá Steinholti hf., filmutekin hjá Prentþjónustunni og bundin hjá Flatey hf. Verð hennar er 2.960 krónur.

Framtíðarmynd Íslands á 21. öld

Út er komið nýtt fræðirit
eftir Trausta Valsson og
Birgi Jónsson um stöðu
Íslands í heimi framtíðarinnar
með ýtarlegum útfærsluhugmyndum
um skipulag landsins
og tilveru þjóðarinnar á komandi
öld. Bókin nefnist „Ísland
hið nýja - Aldamótin 2000".

Útgefandi þessa víðtæka rits er
Fjölvaútgáfan undir forystu
Þorsteins Thorarensen.
Ný viðhorf - glögg yfirsýn
Fráfarandi rektor Háskólans,
Sveinbjörn Björnsson skrifar
formála að bókinni og lýsir
starfi höfundanna m.a. með
þessum orðum: „Trausti Valsson er
brautryðjandi
sem skipulagsfræðingur
hér á landi. Hann hefur lagt
áherslu á ný viðhorf og nauðsyn
þess að horfa fram, óbundinn
af fyrri lífsháttum og sögu.

Birgir Jónsson er einn af frumkvöðlum
okkar í jarðverkfræði og hefur glögga
yfirsýn yfir tækifæri okkar til bættra
samgangna, nýtingar vatnsafis og
jarðhita og þekkir leiðir til að
ná sátt milli sjónarmiða nýtingar
og verndunar."

Nýtt heimsmynstur

Bókin „Ísland hið nýja - Aldamótin
2000" er um 200 bls. að
stærð og fylgja textanum um

400 skýringarmyndir. Hún
skiptist í 35 kafla sem tengjast
saman í þremur meginhlutum.

Fyrsti hlutinn nefnist „Nýtt
heimsmynstur - ný tækifæri"
og er þar fjallað um þá geysilegu
byltingu sem orðið hefur í
heiminum á seinni hluta 20.
aldar, sem kemur m.a. fram í
því að árið 1960 komu 10 þús.
erlendir ferðamenn til Íslands,
en yfir 200 þús. nú 30 árum
síðar. Sem betur fer hafa Íslendingar
hér opnað sig fyrir
alheimsþróuninni, svo að þeir
dragist ekki aftur úr öðrum þjóðum.

Heildarskipulag Íslands

Í miðhluta bókarinnar er fjallað
um heildarskipulag Íslands í
framtíðinni, þar sem fólk gerir
kröfur um hreyfanleika innanlands
með fullkomnum samgöngum
og að eiga greiðan aðgang
að allri þeirri bestu þjónustu
og afþreyingu sem býðst í
landinu á hverjum túna.

Nýtt landnám

Lokakaflinn fjallar svo um eit
brýnasta samtíðarviðfangsefni
okkar - að búa okkur undir
komandi öld. Á 21. öldinni
verður nýtt landnám Íslendinga
inn á við - inn til landsins
- til hins víðfeðma Miðhálandis
sem getur tryggt þjóðinni meiri
hagsæld en nokkru sinni, sé
skipulega haldið á hlutunum.

Hilmar J. Malmquist og Brynja Valsdóttir:

Miðhálandi Íslands

Svæðisskipulag í uppnámi?

FRESTUR til að koma að athugasemdum vegna tillögu að svæðisskipulagi miðhálandisins hefur verið framlengdur um tvo mánuði, þ.e. til 10. des. n.k. Formleg beiðni um frestun barst frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Ferðamálaráði Íslands og Landvarðafélagi Íslands. Náttúruverndarsamtökin fóru fram á að fresturinn til að skila inn athugasemdum yrði framlengdur um a.m.k. sex mánuði.

Rökin fyrir frestun í málinu, sem samtökin telja eitt þýðingarmesta framtíðarmálefni allrar þjóðarinnar, voru aðallega að tillagan hafi ekki verið kynnt með viðunandi hætti; hvorki almenningi né fjölda samtaka og félaga sem eiga ýmissa beinna og óbeinna hagsmuna að gæta.

Aðeins einn kynningarfundur á endanlegri tillögu hefur verið haldinn á vegum samvinnunefndarinnar um svæðisskipulagið, 30. maí s.l. á Hótel Loftleiðum í Reykjavík. Það er víðs fjarri að vera viðunandi. Fundurinn var að auki haldinn á föstudegi á háannatíma milli kl. 16 og 18:30 þegar flest fólk er í vinnu, að sinna heimilisinnkaupum eða öðrum ámóta erindum.

Almennilega kynningu - takk

Kynningin á tillögunni í vor var einnig þannig að fólk, vant að rýna í kort og töflur, og hvað þá heldur óvanur almenningur, getur vart hafa áttað sig á því með góðu móti hvað

felst í henni. Það er ekki hægt að gera sér raunhæfa grein fyrir svo viðamiklu máli með því að skoða flókin kort sem varpað er á vegg skamma stund í stórum sal. Vissulega getur verið erfitt að standa vel að kynningu á jafn umfangsmiklu efni og hér um ræðir. Engu að síður má gagnrýna ýmislegt í framsetningunni sem frekar auðvelt hefði verið að bæta úr. Ágætt dæmi um þetta er að hvergi í tillögunni, sem þó er um 600 bls., er birt ein einasta ljósmynd eða teikning sem sýnir í þrívíðu rúmi hvernig tiltekið svæði eða staður lítur út í dag og hvernig umhverfið kann að breytast í kjölfar framkvæmdar.

Sjón er sögu ríkari og myndræn framsetning hjálpar mikið til við að fá a.m.k. nasasjón af hugsanlegum landslagsbreytingum. Það hefði verið mjög upplýsandi og frekar einfalt mál að búa til myndir í tölvu sem sýndu t.d. hvernig uppbyggður „aðalfjallvegur“ ásamt 400 kV háspennulínunum meðfram honum féllu að landslaginu þvert yfir Sprengisand, eða hvernig Stafnsvatnavirkjun með 39 km² lóni, tekur sig út á svokölluðu „verndarsvæði“ við náttúruminjarnar í Orravatnsrústum, rétt neðan Laugafells.

Náttúruverndarsamtökin telja að stjórnvöldum beri lýðræðisleg skylda til að beita sér fyrir því að staðið verði mun betur að kynningu á tillögunni um svæðisskipulagið heldur en gert hefur verið hingað til. Samtökin beina því einnig til Stöðvar 2 og ekki síður Ríkissjónvarpsins að notfæra sér eiginleika myndmiðilsins í þessu máli. Það er kjörrið að efna til vandaðra kynningar- og umræðuþátta um málefnið, en e.t.v. er of seint í rassinn gripið þar á bæ því skammur tími er til stefnu.

Ónothæf tillaga?

Náttúruverndarsamtökin hafa lagt töluverða vinnu í að kynna sér tillöguna og stendur það verk enn yfir. Það er ekki áhlaupaverk að brjótast í gegnum 600 blaðsíðna rit, rýna í línurit, töflur og texta og bera



saman margvíslegar efnislegar, tæknilegar og tölulegar forsendur sem liggja til grundvallar tillögunni.

Og þrátt fyrir að fresturinn til að skila athugasemdum, sem því miður bar uppá sumarið, aðalfritíma landsmanna, hafi verið lengri en venja er til um svæðisskipulag, var hann ekki nógu langur. Þetta sést best á því að einungis 10 athugasemdir bárust áður en upphaflegi fresturinn rann út 10. október.

Það veldur Náttúruverndarsamtökunum einnig verulegum áhyggjum að fram hefur komið mjög hörð gagnrýni á verklag og vinnutilhögun þeirra sem unnu tillöguna að svæðisskipulaginu.

Gagnrýnin birtist í nýrri bók undir heitinu „Ísland hið nýja“, eftir *dr. Trausta Valsson* skipulagsfræðing og kennara við Háskóla Íslands og *Birgi Jónsson* jarðverkfræðing. Bókin, sem er styrkt af forsætisráðuneytinu, var gefin út um tveimur vikum áður en skilafresturinn rann út.

Eðlilegt er að ýmsar spurningar vakni þegar jafn mikilsmetnir fræðimenn á sviði skipulagsmála og landnýtingar eyða drjúgum hluta bókar, sem að auki er styrkt af forsætisráðuneytinu, í svo vægðarlausa gagnrýni á svæðisskipulag miðhálandisins að ætla má að tillagan sé í raun ónothæf og vart hægt að reiða sig á varanleika hennar yfir skipulagstímabilið.

Alvarlegar aðfinnslur

Í gagnrýni *Trausta og Birgis* á þá sem unnu svæðisskipulagið eru eftirfarandi fullyrðingar (bls. 148, 162 og 166) e.t.v. alvarlegastar: Ekki eru sýnd svæði til aukningar eftir skipulagstímabilið, t.d. orkuvinnslusvæði, eins og kveðið er á um í skipulagsreglugerð; ekki er fylgt skilgreiningum á landnýtingarflokkum eins og þeim er lýst í skipulagslögum og reglugerð; vikið er frá skýrum reglum um hvernig eigi að auðkenna vegi sem áætlaðir eru á skipulagstímanum sem og vegi sem koma eigi eftir skipulagstímabilið; brotin er skipulagsregla um að birta á

grunnkortum allar fyrirliggjandi hugmyndir um nýtingu, t.d. nýtingu á jarðhitasvæðum og jarðefnum, og allar frumstaðreyndir, eins og núverandi vegi og slóða; og hvorki notkun skipulagshöfunda á hugtökunum „náttúruverndarsvæði“ og „verndarsvæði“ né litanotkun yfir þessa landflokka er skilgreind í skipulagslögunum eða reglugerðinni.

Augljóst er að ef hinar alvarlegu *aðfinnslur Trausta og Birgis eru reistar á rökum* er tillagan um svæðisskipulag miðhálandisins nær ónýtur pappír, sem gagnast engum, hver sem afstaða viðkomandi kann að vera til tillögunnar. Ef framangreind upptalning skýrir þetta ekki nógu vel, *ætti eftirfarandi í bók Trausta og Birgis að útskýra kjarna málsins*: „- á fundum hafa höfundar skipulagsins ítrekað haldið því fram, að það sé lítið mál að breyta verndunarsvæðum í virkjanasvæði síðar, ef menn vilja það.“ Náttúruverndarsamtök Íslands telja einsýnt að Alþingi þurfi að kanna þetta mál strax og fá botn í hvort tillagan um svæðisskipulag miðhálandisins sé eitthvað sem þjóðin getur reitt sig á varðandi framtíðarumgengni við þessa miklu náttúrugræsemi þjóðarinnar.

Þetta er þeim mun brýnna í ljósi þess óréttar sem að er stefnt með frumvarpi félagsmálaráðherra til sveitarstjórnarlaga, þar sem gert er ráð fyrir að lögsaga og skipulagsréttur yfir miðhálandinu færist á hendur liðlega 40 sveitarfélaga sem land eiga að miðhálandinu.

Verði frumvarpið samþykkt óbreytt munu pölitískir fulltrúar tæpra 4% landsmanna fara með lögsögu- og skipulagsyfíráð á um 40% af flatarmáli Íslands. Hér er um svo hróplegt óréttlæti að ræða að Alþingi hlýtur að hafna frumvarpinu óbreyttu.

Höfundar eru í sjórn

Náttúruverndarsamtaka Íslands.

Íslenzk mannvirkjastefna

ÍSLENZK mannvirkjastefna er megin viðfangsefni nýjasta tölublaðs tímaritsins *AVS, Arkitektúr, verktækni og skipulag*, sem komið er út fyrir skömmu. Í leiðara, sem Gestur Ólafsson arkitekt og ritstjóri blaðsins ritar, segir m. a., að íslenzkur byggingariðnaður velti árlega yfir 50 milljörðum kr., en á fjárlögum er ekki varið til nauðsynlegra rannsókna á þessu sviði nema röskum 50 millj. kr.

Í blaðinu eru margar athyglisverðar greinar að vanda. Margrét Þormar arkitekt skrifar grein um lýsingu í Reykjavíkurborg, síðan kemur grein frá Samtökum iðnaðarins um framtíðarsýn íslenzks byggingariðnaðar og Sturla Böðvarsson alþingismaður lýsir sjónarmiðum sínum varðandi stefnu opinberra aðila í íslenzkri mannvirkjagerð.

Kristín Halldórsdóttir, alþingismaður Kvinnalistas, skrifar grein, sem nefnist Hugsá þarf dæmið til enda, Hjálmar Arnason, alþingismaður ritar grein um stefnu Framsóknarflokksins varðandi mannvirkjagerð og Guðmundur Árni Stefánsson alþingismaður skrifar um pólitík og mannvirkjagerð.

Síðan kemur grein eftir Hákon Ólafsson, forstjóra Rb um rannsóknir í mannvirkjagerð, þá grein eftir Runólf Maack vélaverkfræðing, sem nefnist Hugvit og atvinnustefna og síðan grein eftir Hilmar Þór Björnsson arkitekt, sem ber heitið Arkitektar, vanrækt og vannýtt auðlind.

Stefán Thors, skipulagsstjóri ríkisins, ritar grein, sem nefnist Ísland hið nýja og miðhálandið og þeir Trausti Valsson skipulagsfræðingur og Birgir Jónsson jarðverkfræðingur skrifu grein, sem ber yfirskriftina Staðfesting svæðisskipulags miðhálandisins er ótímabær.

Þá kemur grein eftir Stefán Thors um nýjar reglugerðir 1. janúar 1998 og Guðmundur Jónsson arkitekt skrifar um byggingu Konunglega forna ísbjarnarfélagssins í Hammerfest, sem almennt er talin nyrzta borg í heimi.

Þá kemur grein eftir F. Javier Sánchez Merina arkitekt um arkitektúr fyrir fjölskylduna, Kristinn E. Hrafnsson myndlistarmaður skrifar um menningu í húsbyggingum, Hermann Georg Gunnlaugsson landslagsarkitekt skrifar um stækkun Lystigarðsins á Akureyri og loks kemur grein eftir Dennis Jóhannesson arkitekt, sem nefnist Hönnun er óþrjótandi auðlind.

Trausti Valsson

**LANDSSKIPULAG Heildarhugsun sem
næði jafnt til hálendis og láglandis**

Í UMRÆÐUNNI um hálendið innan
Alþingis og utan, upp á síðkastið,
hefur mikið verið rætt hvernig hægt
væri að tryggja heildarhugsun í
skipulagi þess. Slík heildarhugsun
yrði að fela í sér að fulltrúar
heildarhagsmuna ríkis og þjóðar, yrðu að
koma að málum á þann veg að
hreppasjónarmið yrðu látin víkja
fyrir hagsmunum heildarinnar þegar
í odda skerst. Þetta gerist að
sjálfsögðu ekki þegar einn
hagsmunahópurinn, bændur, hefur
yfirgnæfandi meirihluta í skipulagsnefndinni
eins og er nú og reyndar
líka í fyrirbyggjandi tillögu Guðmundar
Bjarnasonar um breytingu í skipan
nefndarinnar.

Sama þörf fyrri heildarhugsun og
tryggingu heildarhagsmuna, er í
raun einnig til staðar í skipulagsmálum
á láglandi. Því miður eru það eingöngu
heimamenn, sveitarstjórnarstígið,
sem ræður, - einnig þar, -
nær öllu um skipulag. Í ljósi þessa
þarf sú lausn sem rædd verður á
Alþingi nú eftir helgina, um það

t hvernig tryggja má heildarhugsun í
skipulagi miðhálendisins, einnig að
duga til að tryggja hagsmuni heildarinnar,
þjóðarinnar, í skipulagi á láglandi.

Lausnin á sviði skipulags gæti
falist í því að komið verði á landsskipulagi
hér á Íslandi eins og á hinum
Norðurlöndunum. Landsskipulagið
kvæði á um atriði sem snerta
alla þjóðina, eins og t.d. orkuvinnslu[^]
svæði, þjóðgarða, stofnvegi, kerfi
flugvalla, hafna o.fl.

Áður en ávinningi og nauðsyn
landsskipulags verður lýst
nánar, skal því lýst hvers
vegna ekki er hægt að tryggja næga
heildarhugsun með svæðisskipulagi,
eins og skilja hefði mátt á sumum
alþingismönnum í umræðunni á
Alþingi á dögnum.

Í grein í Mbl. 17. maí sl. fjallaði
undirritaður um ýmsa grundvallarvankanta
á svæðisskipulagsstíginu
hér á landi. Skal vísað til þeirrar
greinar, en greiningu málsins jafnframt
haldið áfram. Í sl. viku átti
undirritaður samtál við skipulagsstjóra
ríkisins, og er hann að mestu
sammála um grundvallargalla
svæðisskipulagsstígsins
og kallaði það bastarð. Jafnframt lét

hann það álit í ljósi að ef sameining sveitarfélaga héldi hratt áfram, væru sveitarfélög e.tv. orðin aðeins um 40 sveitarfélög hér á landi þegar eftir um fimm ár, og þá væri hægt að leggja svæðisskipulagsstígið niður.

Hvað skyldi þetta nú þýða fyrir þá hugmynd Alþingis að svæðisskipulag sé töfralausn við að tryggja heildarhugsun í skipulagi miðhálandisins? Í fyrsta lagi það, að það verður að finna aðra lausn en svæðisskipulag til að tryggja heildarhugsun í skipulagi hálandisins, sé litið til þess tíma þegar svæðisskipulagsstígið hefur verið lagt niður.

Áður en við ræðum það er skynsamlegt að fara yfir þróun stjórnsýslu- og skipulagsmála á miðhálandinu til að skilja hvernig stendur á núverandi rangindum í því máli, þrátt fyrir að samstaða hafi verið orðin um að gera það að einu stjórnsýslusvæði 1991.

Undirritaður spurðist fyrir um hver bæri ábyrgð á að tillaga að uppskiptingu hálandisins var komin á blað þegar 1989. Skipulagsstjóri

sagði að ekkert ráðuneyti bæri ábyrgð á því, heldur hefði Skipulagið og Landmælingar tekið sig saman um þetta vegna þess hve óeðlilegt það hefði verið að láta lögsagnarmörk inn til landsins enda á óski greindum punktum.

Júlíus Sólnes, fyrsti umhverfisráðherrann, hefur sagt frá því að í fyrstu heimsókn sinni til Skipulagsins hefði hann rekið augun í þetta kort. Hefði hann á stundinni bannað vinnu við kortið. Nefnd á hans vegum gerði síðan tillöguna um miðhálandið sem eitt stjórnsýslu- og skipulagssvæði, sem að sjálfsögðu var þá ekki skipt upp á milli sveitarfélaga.

Þegar skipulagsnefnd um þetta svæði, miðhálandið, var ákveðin með bráðabirgðagrein nr. 73/1993, var hins vegar nokkuð komið inn á hugsanlegt sveitarstjórnarforræði í greinargerð.

Í starfsreglum sem umhverfisráðherra setti nefndinni, var hins vegar ekkert mælt fyrir um að nefndin sinni slíkum bollaleggingum. Þess vegna hafði skipulagsnefndin í raun ekki

leyfi til að biðja þrjú
ráðuneyti að koma með
sér í að gera tillögur um
að skipta miðhálandinu upp á milli
hinna 42ja aðliggjandi sveitarfélaga.

En þetta var samt gert og umhverfisráðuneytið
bætti nú um enn
betur og setti ýmsa aðal- og
svæðisskipulagsvinnu
af stað á þessum nýsköpuðu hrepparenningum
upp í miðja jökla, - þrátt fyrir að miðhálandis
vinnan væri um leið í gangi, á
sama svæði.

Hefur umhverfisráðherra
þegar staðfest tvö slík aðalskipulög,
þ.e. fyrir Gnúpverjahrepp
og Svínavatnshrepp. Þetta gerir
ráðherrann þótt Alþingi sé ekki búíð
að afhenda þessum hreppum
stjórnsýsluréttinn. Þessar staðfest-
ingar verður því að ógilda og líklega
verður einnig að draga ráðherrann
fyrir dóm vegna þeirra mörgu ólöglegu
gjörninga sem farið hafa fram í
hans nafni í þessum málum.

Segja má að meginreglur við gerð
skipulags séu tvær, þ.e. að ganga
fyrst frá stefnumótun áður en að
skipulagningunni kemur, og í öðru
lagi að leggja meginlínur í skipulagi

þess lands sem viðkomandi svæðisskipulag
er innan. Báðar þessara
meginreglur voru brotnar við gerð
þeirrar svæðisskipulagstillögu að
miðhálandinu sem nú bíður staðfestingar
umhverfisráðherra um leið
og Alþingi hefur staðfest uppskiptingu
hálandisins.

Margar mjög alvarlegar, formlegar
athugasemdir hafa verið gerðar
við skipulagið, t.d. vegna þess að
miklir misbrestir eru á að farið hafi
verið að þeirri opinberu stefnumótun
sem þegar er til. Þannig segir t.d. í
athugasemdum iðnaðarráðuneytisins
(Finns): „Ráðuneytið telur að stefna
ríkisstjórnarinnar og raunar flestra
ríkissljórna undanfarinna áratuga
varðandi nýtingu orkulindanna sem
er að finna á miðhálandinu endurspeglar
ekki í tillögunni. Sú stefna
er skýr og ætla hefði mátt að hún
hefði verið einn af hornsteinum í „alínenum
forsendum á landsvísu“.

Þá lýsti Landgræðsla ríkisins yfir
vonbrigðum yfir því að stefnumiðum
ríkisstjórnarinnar um landgræðslu
og gróðurvernd hafi ekki verið fylgt í
skipulaginu. Undir þetta tók
landbúnaðarráðuneytið (Guðmundur
sjálfur). Fróðlegt verður að sjá hvort

Finnur og Guðmundur stuðla að staðfestingu skipulags sem þeir sjálfir segja að fylgi á ófullnægjandi hátt opinberri stefnumótun.

Ef að möguleiki hefði verið á að fylgja hinni meginreglunni í skipulagi, - sem eðlilegt er að komi á eftir heildarstefnumótun, - þ.e. „að leggja meginlínur í skipulagi þess lands sem viðkomandi svæðisskipulag er innan“, hefði þurft að vera til landsskipulag á Íslandi.

Vöntun á slíku skipulagi er sérstaklega bagaleg við gerð svæðisskipulags fyrir miðhálandið, - bæði vegna þess hve það er stórt og vegna þess hversu Alþingi og stjórnvöld hafa lítið ákveðið stefnumótun sína og meginlínur í landnýtingu á því svæði.

Bókin „Ísland hið nýja“ eftir undirritaðan og Birgi Jónsson, sem kom út sl. haust, lýsir því að vöntun stefnumótunarvinnu sem og landsskipulags, - geri tillöguna að skipulagi miðhálandisins í raun óhæfa. Margir opinberir aðilar og ráðuneyti hafa lýst sömu skoðun í athugasemdum sínum við skipulagið. Það er álit undirritaðs að í þriðju umræðu um sveitarstjórnarfrumvarpið á Alþingi á mánudaginn, ættu alþingismenn að leggja umræðuna

um að beita svæðisskipulagi til að tryggja heildarhugsun á svæðinu, - til hliðar, og taka frekar upp umræðu um hvernig landsskipulag undir stjórn forsætisráðherra, ætti að útfærast til að með því væru tryggðir heildarhagsmunir og heildarhugsun á stefnumótun og skipulagi, bæði á hálendi og láglandi.

Höfundur er skipulagsfræðingur

Trausti Valsson:

Skipulag miðhálandisins

Ferillinn við gerð þess var ekki réttur

Í UMRÆÐUNNI á

Alþingi og í Þjóðfélaginu

á síðustu vikum

kom sú tillaga um

skipulag á miðhálandinu,

sem bráðlega verður

skilað inn á borð umhverfisráðherra,

lítið til umfjöllunar.

Tildrög skipulagsvinnunnar

Tildrög þessarar

skipulagsvinnu voru

þau að Alþingi samþykkti

fflu heilli 1993,

með bráðabirgðaákvæði

við þáverandi skipulagslög nr.

19/1964, að umhverfisráðherra gæti

ákveðið að skipa skipulagsnefnd aðeins

með fulltrúum þeirra héraðsnefnda

sem liggja að miðhálandinu,

- en hann skipi sjálfur aðeins formanninn.

Í meðferð þingsins var

því bætt við lagagreinina að auglýsa

mætti tillöguna en: „Að öðru

leyti skal fresta frekari afgreiðslu

tillögunnar uns ný skipulags- og

byggingarlög hafa verið samþykkt

á Alþingi." Í frumvarpið til þessara

laga 1996/1997, var heimildin fyrir

skipulagsnefndinni síðan tekin upp,

eins og skýringar með

bráðabirgðagreininni

höfðu gert ráð fyrir.

Þessari heimild fyrir skipulagsnefndinni

var við meðferð Alþingis

hins vegar kippt út úr frumvarpinu

stuttu áður en það var gert að lögum.

Það hlýtur að tákna að þingið

vildi ekki að svæðisskipulagsnefndin

starfaði áfram, og í ljósi þess að í

bráðabirgðagreininni segir að

fresta skuli frekar afgreiðslu tillögunar

(þ.e. eftir auglýsingaferlið),

þar til gengið hafi verið frá heimildum

fyrir nefndinni í nýju lögunum,

- heimildum sem ekki voru - fylgdi sú

Bjóðendur verkefnið gefnar, - þá verði að

telja það lögbrot ef yfirvöld

taka tillöguna til

frekari umfjöllunar eftir

að auglýsingaferlinu

sem leyft var, er lokið.

Vinnsla skipulagstillögunnar

Vinnan við gerð

skipulagstillögunnar

var boðin út 1994. Sá

stóri galli var á því útboði

af hálfu skipulagsyfirvalda og skipulagsnefndarinnar, að mjög óljóst er í útboðinu hvers konar starf ætti hérna að vinna, og furðulega skýring að ættu sjálfir að móta að allverulegu leyti.

Hversu óljóst þetta var, endurspeglast í því að tilboðin sem komu í verkið lágu á bilinu 20 til 150 milljónir. Tilboði eins af lægstu bjóðendum, Landmótunar ehf. var tekið og vann sú skrifstofa að verkinu í u.þ.b. fjögur ár með skipulagsnefndinni. Haldnir voru lokaðir fundir um mótun skipulagsins heima í héraði en aðrir landsmenn vissu lítið af þessu skipulagsstarfi og höfðu nánast engin tækifæri til að hafa áhrif á það.

Stefnumótunin fyrir skipulagsstarfið

Þann stórkostlega galla á útboðinu, að stefnumótunarferli það sem átti að hafa farið fram áður en að mótun og útboði verksins kom, vantaði að mestu, - hefði verið hægt að leiðrétta eftir að skipulagsferlið var hafið, ef nefndin og skipulagsyfirvöld hefðu borið

nægilega virðingu fyrir því að réttkjörin stjórnvöld á landsvísu, ættu að móta þjóðmálastefnu, t.d í orkuferða- og uppgræðslumálum, sem óhjákvæmilega er grundvallarþáttur í mótun forsendna fyrir skipulag svo mikils svæðis.

Þetta var ekki gert nema að mjög litlu leyti, heldur bjó þessi litla nefnd þessa þjóðmálastefnu til að mestu sjálf. Undrun hinna ýmsu stofnana og ráðuneyta kemur mjög skýrt fram í geysiharðorðum athugasemdum sem þau gerðu þegar þeim loks, eftir fjögur ár, barst fullbúin tillagan með 600 bls. greinargerð, inn á borð sumarið 1997.

Í athugasemdum iðnaðarráðuneytis við skipulagstillöguna segir t.d.: „Ráðuneytið telur að stefna ríkisstjórnarinnar og raunar flestra ríkisstjórna undanfarinna áratuga varðandi nýtingu orkulindanna sem er að fmna á miðhálandinu, endurspeglist ekki í tillögunni“.

Í athugasemdum Ferðamálaráðs Íslands segir t.d.: „Ferðamálaráð telur að tillaga(n)... taki ekki tillit til stefnumótunar í ferðamálum sem unnið hefur verið að.“ Því

leggur ráðið þunga áherslu á að afgreiðslu tillögunnar verði frestað
uns hægt sé að taka á málinu með tilliti til hagsmuna ferðaþjónustunnar".

Hin réttu vinnubrögð við gerð skipulags

Á ráðstefnu sem haldin var um miðhálandisskipulagið 20. sept.

1997 í kjölfar útkomu bókar undirritaðs

og Birgis Jónssonar „Ísland

hið nýja", fór gagnrýnin á

vinnubrögðunum

við skipulagið harðnandi.

Stefán Thors skipulagsstjóri, sem ber mesta ábyrgð á því hvernig að verki var staðið, viðurkenndi í erindi sínu á ráðstefnunni, að ekki hefði verið farið eftir réttu ferli við gerð skipulagsins. Hann nefnir réttilega hin réttu skref; gagnaöflun (í fimm ár), síðan stefnumótun ríkisstjórnarinnar í hinum ýmsu málaflokkum, í kjölfar þess gerð landsskipulags og síðan ákvörðun um skiptingu landsins (miðhálandisins) í sveitarfélög og loks lagasetning um eignarhald á landi.

Því næst segir Stefán: „Að þessu loknu hefði ríkisstjórnin getað skipað nefnd að fengnum tilnefningum frá forsætisráðuneytinu, iðnaðarráðuneytinu,

samgönguráðuneytinu og

Sambandi íslenskra sveitarfélaga

til að gera tillögu að svæðisskipulagi

miðhálandisins." Athygli vekur

að þetta er allt annars konar nefnd

en sú nefnd sem skipuð var 1994 úr

þröngum hagsmunahópi sveitarfélaga,

og var nýbúin að skila fyrirbyggjandi

skipulagstillögu sumarið 1997.

Undirritaður er hjartanlega

sammála skipulagsstjóra að svona

nefnd, skipuð fulltrúum heildarhagsmuna,

- hefði átt að vinna verkið.

Í lok þessarar lýsingar um

hvernig skipulagsyfirvöld og

stjórnvöld hefðu átt að skipuleggja

verkið, segir skipulagsstjóri nokkuð

sem hann á eftir að útskýra betur:

„Svona hefði ef til vill átt að

gera þetta, en svona var þetta ekki

gert vegna þess að svona gerast

hlutirnir ekki. Ég er ekki þar með

að segja að þetta þurfi ekki að

gera..."

Höfundur er skipulagsfræðingur

DR. EDWARD H. HUIJBENS,
LANDFRÆÐINGUR OG
FORSTÖÐUMAÐUR RMF SKRIFAR:

Leggjum bara jarðstreng yfir Sprengisand!

Það er að sjálfsögðu rétt og gott að huga að framtíð landsins og framtíðar skipulagi og ekki á það hvað síst við um raforkumál. Gauti Hallsson, orkutæknifræðingur hefur lagt til lausn á vanda landeigenda á línuleið Blöndulínu 3, sem ekki vilja háspennumöstur í bakgarðinn hjá sér. Tillagan er sú að línan verði einfaldlega sett í jarðstreng uppá Sprengisand.

Gauti dregur upp þessa mynd til að skýraHvað hann á við: Gauti er að sjálfsögðu ekki fyrstur manna til að koma með þessa tillögu. Sú réttlætning fyrir því að þessi leið sé farin er hinsvegar nýstárleg,

það er að lækna landeigendur af NIMBY heilkenni sínu. Þessi skammstöfun stendur fyrir þekkt vandamál skipulagsmála um allan heim þar sem fólk vill síst framkvæmdir í sinn bakgarð (e. Not In My Back Yard).

Þegar sambærileg tillaga var lögð fram í framtíðarsýn Trausta Valssonar og Birgis Jónssonar, árið 1997, þá

má sjá á tveimur myndum hér að neðan sömu

mynd og þá sem Gauti dregur upp. Í báðum tilfellum er um mynd til framtíðar að ræða (2010) og miða línulagnir að því að mata jafnstraumssæstreng

til Evrópu. Þeirra draumur er að hægt verði að nýta orkusvæði hálandisins öll í þessa þágu.

Framtíðarsýn þeirra félaga einkennist af öfgafullri framfarahyggju, sem birtist auðvitað hvað best í titli bókarinnar Ísland hið nýja (sbr. Brave New World) og forsíðumynd sem hér má sjá að neðan í samanburði við þekkta mynd af risanum Atlas sem hefur jörðina á herðum sér.

Af síðari tíma næmni fyrir hlutverki mannsins sem hirði jarðar, horfir geimfarinn vonar augum til framtíðar og verndar hjálminn sem allt eins gæti verið hnötturinn okkar. Fartölvan er tækið sem mun leiða fram hina björtu framtíð undir skærri vonarstjörnu.

Það sem auðvitað hræðir mig við tillögu Gauta er það hvað þær eru kynntar sem sjálfsögð og auðsótt lausn á vanda mjög afmarkaðs hóps. Lausn sem yrði á kostnað heildarsýnar sem verið er að vinna um þessar mundir og byggir á áratuga vinnu um skipulagsmál á hálandinu. Togstreita náttúruverndar og orkunýtingar þar á sér langa sögu.

Það má mæla Trausta og Birgi það til hróss

að það er alveg ljóst úr hvaða átt þeir koma og þeir ramma sínar tillögur inn í heildrænni sýn á skipulag og uppbyggingu landsins alls. Hún er einstrengingsleg, vélræn og öfgafull en skýr.

Tillaga Gauta er hinsvegar stærri mynd

Trausta og Birgis í dulargervi

hagsmunaverndar litla

mannsins gegn vonda stórveldinu

(Landsnet). Leggjum bara

jarðstreng yfir Sprengisand!

Það er ógnvænlegur fnykur

af þessari að því virðist

sakleysislegu hugmynd, en

Gauti er auðvitað að horfa

á sömu mynd og Trausti og

Birgir. Í stað jafnstraumsstrengs

er komin stóriðja.

Það vona ég svo sannarlega að landeigendur

á línuleið Blöndulínu 3 láti ekki glepjast af

stundarhagsmunum sínum og styðji í alvöru


við tillögu Gauta. Með því væri verið að

setja skipulagsmál raforku og orkuvinnslu

á hálandinu í mjög ákveðin farveg, sem ég

held að margir felli sig ekki við þegar grannt

er skoðað.



Landsskipulagsstefnan nýja þýðir mikla þróunarfjötra

Eftir Trausta Valsson

Lengi hefur verið fjallað um þörf á gerð landsskipulags fyrir Ísland. Var

gerð tilraun um að koma þessu inn í skipulagslögin 2010 en útvatnaðist í það sem kallað er landsskipulagsstefna.

Með þessu glataðist tilgangur landsskipulags þ.e. að skapa landsyfirlit og búa til yfirlit um framtíðarþróun landsins. Umhverfisráðherra lagði fram frumvarp um landsskipulagsstefnu á Alþingi í vor, en það komst ekki til umræðu.

Yfirgnæfandi vald umhverfisráðherra Skipulagsmál á Íslandi falla undir umhverfisráðherra, og í skipulagslögum segir: „leggur (ráðherrann) fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu til tólf ára“. Þar með er vald umhverfisráðherrans um mótun framtíðar Íslands orðið yfirgnæfandi. Við þetta bættist svo í reglugerðinni 2011, geysiafdrifarík málsgrein sem segir: „(Umhverfisráðherra) setur fram hverjar áherslur landsskipulagsstefnu skuli vera.“

Í bók undirritaðs og Birgis Jónssonar Ísland hið nýja er fjallað um landsskipulag er bent á mikilvægi þess að landsskipulaginu sé stjórnað af forsætisráðherra en í stýrihópi séu líka fulltrúar stjórnarandstöðu. Með því að umhverfisráðherrann var gerður stjórnandi mótunar framtíðarstefnu fyrir Ísland, urðu verndunaráherslur í landsskipulagsvinnunni ríkjandi, sbr. stefnumótunarbréf ráðherrans til Skipulagsstofnunar: „Mikilvægar forsendur í því sambandi eru aukin áhersla á náttúruvernd, þar sem m.a. er tekið mið af útbreiðslu tegunda og vistgerða, vistfræðilegu ástandi þeirra og verndargildi, náttúruverndaráætlun, vantanlegri stefnu um útivist og ferðamennsku.“ Sem sagt: Áherslan skal vera á hinar ýmsu bremsur á framtak, líkt og verið hefur í starfi ráðherrans að rammaáætlun, nema að nú skal

landsskipulagsstefnunni beitt á ennþá markvissari hátt til að útiloka möguleika fyrir framtíðinni.

Gerð landsskipulagsstefnu Umhverfisráðherra fól Skipulagsstofnun að gera fyrstu landsskipulagsstefnuna með verndunaráherslur sínar að leiðarljósi. Fékk stofnunin til þess aðeins eitt ár. Auglýsti Skipulagsstofnun Tillögu um landsskipulagsstefnu 2013- 2024 sl. haust.

Athugasemdir komu frá 66 aðilum, margar mjög alvarlegar.

Stofnunin skilaði umsögnum sínum um athugasemdirnar í desember. Mörgu er þar ónákvæmlega eða ekki svarað. Á grundvelli þessara gagna lét umhverfisráðherra búa til þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu sem lögð var fram á þinginu stuttu fyrir þinglok.

Dæmi um athugasemdir: „Suðurorka hefur almennt áhyggjur af áhrifum landsskipulagsstefnu. Suðurorka hefur efasemdir um að Skipulagsstofnun sé rétti aðilinn til að fara með skipulagsvald miðhálandisins“.

Vegagerðin bendir m.a. á alvarleika eftirfarandi ákvæðis: „Grannsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjórsárvera njóti a.m.k. hverfisverndar.“

Um þetta ákvæði segir Vegagerðin: „Orðalag þess er afar opið og matskennt og skapar óvissu um stöðu svæða sem eru í nágrenni friðlýstra svæða.“

Fólk áttar sig ekki á hversu stórpólitískar ákvarðanir þær eru sem umhverfisráðherra hefur ætlað sér að koma fram með landsskipulagsstefnunni.

Um þetta sagði Eiríkur Bjarnason verkfræðingur, á ráðstefnu um landsskipulagsstefnu sl. haust: „... (hún) er stórpólitískt plagg og til þess greinilega ætlað m.a. að hindra gerð verkjana, háspennulína og vega á hálendinu.“

Verndinni er ætlað að verða svo mikil að vandséð er hvernig nýta á landið og auðlindir þess...“.

Landsskipulagsstefnu þarf að móta í sátt

Mikilvægasta atriðið í gerð landsskipulagsstefnu er að hún sé unnin í sátt. Í þessu felst að landsskipulagsstefnu beri að setja fram sýn sem ekki er aðeins mótuð af þeim sem eru við stjórnvölinn hverju sinni.

Ég undirritaður setti fyrstur manna fram hugmyndir um landsskipulag fyrir um 38 árum og hef unnið að þeim alla tíð síðan. Ég tel að nálgunin við viðfangsefnið í fyrirbyggjandi tillögu um landsskipulagsstefnu sé í mörgum grundvallaratriðum óheppileg eða röng.

Einn af göllumum við núverandi tillögu um landsskipulagsstefnu er að hún er í þremur hlutum: 1) miðhálandi, 2) búsetumynstur í dreifbýli og 3) haf- og strandsvæði, allt aðeins með sýn til 12 ára, og margt er unnið í smáum mælikvarða sem tilheyrir svæðis- eða aðalskipulagsvettvangi.

Með þessu tapast grundvallartilgangurinn með gerð landsskipulags; að móta skematíska heildarsýn til langs tíma.

Mat á áhrifum

hnattrænnar hlýnunar

Í landsskipulagsstefnunni vantar að gera grein fyrir hve miklu hnattræn hlýnun mun breyta um forsendur byggðar á Íslandi. Dæmi:

Ýmis láglandssvæði munu verða í hættu vegna hækkunar sjávar. Þá munu bæði gróður- og snjóflínurnar færast ofar. Gróður mun því aukast á hálandi. Með þessu breytast hin „ósnortnu“ víðerni; þau verða grænni og líkari svæðum á láglandi.

Hugmyndir um verndun á hálandi þurfa að taka mið af þessu.

Með hnattrænni hlýnun munu snjóalög einnig minnka, sem þýðir að vetrarumferð á hálandisvegum verður auðveldari. Því er undarlegt að landsskipulagsstefnan leggi til að gerð vega á miðhálandinu skuli eingöngu miðast við þarfir sumarumferðar.

Höf. er prófessor í skipulagsfræði við HÍ.

Yfirlitskort um verndun á miðhálandinu

Friðlýst svæði og

þjóðgarðar

Svæði á náttúruverndaráætlun

Svæði á náttúruminjasrá

Náttúruverndarsvæði

samkvæmt

svæðisskipulagi

Almenn

verndarsvæði

samkvæmt

svæðisskipulagi

Myndin sýnir samsöfnun hina ýmsu tegunda

verndunar á miðhálandinu, og eru ekki

mörg svæði utan þeirra. Við bætast síðan „ósnortin

víðerni“ sem ná til um helmings

landsins og „verndunarheildir“

landsskipulagsstefnunnar, sem ná til alls

miðhálandisins,

fyrir utan tvö mjó mannvirkjabelti.

(ATH. Kortið kom ekki með)

Yfirlit um svæði skilgreind hafa

verið sem „ósnortin víðerni“ á

Íslandi ósnortin víðerni“ á Íslandi.

(ATH. Kortið kom ekki með)

Jarðvarmavirkjun

Vatnsaflsvirkjun

Ósnortin víðerni skv. UST 2009

Hvalá Þeistareykir - Vestursvæði

Þeistareykir

Krafla II, 1. áfangi

Krafla II, 2. áfangi

Krafla I - stækkun

Bjarnarflag

Blönduveita

Hágönguvirkjun, 2. áfangi

Hágönguvirkjun, 1. áfangi

Gráuhnúkar

Hvammsvirkjun

Skrokkölduvirkjun

Holtavirkjun

Urriðafossvirkjun

Eldvörp (Svartsengi)

Hverahlið

Meitillinn

Stóra-Sandvík

Reykjanes

Sandfell

Sveifluháls

Myndin sýnir svæði sem skilgreind

hafa verið sem „ósnortin víðerni“ á

Íslandi.

Hér eru nær allar framkvæmdir,

vegalögn osfrv. útilokaðar

Atvinnumálaráðstefna – AUÐLINDIN AUSTURLAND – 4.-7.

nóvember 2013

Á Hótel Hallormsstaður 5. nóv. kl. 9:30. Samgöngur á Austurlandi 2050:
Trausti Valsson. Prófessor í skipulagsfræði við Háskóla Íslands

Aukin umsvif á Austurlandi munu kalla á miklar samgöngubætur

Fyrir einum til tveimur áratugum horfði mjög illa um framtíðarhorfur á Austurlandi.

Fjórðungurinn hafði lengi setið eftir t.d. í samgöngubótum og fólki fækkaði mjög.

Fljótsdalsvirkjun og bygging álvers á Reyðarfirði og. vegabætur sem tengdust þessu, stöðvaði þessa óheillaþróun.

Árið 1996 var mér undirrituðum, boðið að halda erindi á Aðalfundi SSA um erfiða stöðu fjórðungsins. Nefndi ég erindið „Austurland og nýting auðlindanna – Þjóðarbúsins þriðja stoð“. Ég benti á að alveg frá Húsavík, austur um land og til Vestmanneyja – á um helmingi strandlengju landsins – væri lítið um öflugar hafnir og byggð í hættu. Því væri höfuðnaðsyn að tryggja að Austurland, sem er í miðju þessu svæði, héldi velli, og ekki aðeins það, heldur þyrfti Austurland að þróast sem hin þriðja stoð byggðarinnar í landinu, en hinar stoðirnar eru SV-hornið og Mið-Norðurland.

Ég benti á að Austurland hefði síðast tengst öðrum landshlutum með vegum og að í tillögu að Svæðisskipulagi Miðhálandisins væri Austurland eini landshlutinn þar sem ekki væri gert ráð fyrir tengingu með hálandisvegi. Þegar þetta skipulag var auglýst 1997, eyddum við *Birgir Jónsson* öllu sumarfríinu í að skrifa 184 bls. bók „*Ísland hið nýja*“, til að vara við skipulaginu sem lagði miklar hömlur á framkvæmdir á hálandinu. M.a. gerir skipulagið ekki ráð fyrir hálandisvegi frá Sprengisandsleið til Austurlands. Með gerð Háslóns kom hinsvegar mjög góður vegur hálfleiðina og vantar nú aðeins um 80km tengingu þaðan yfir á Sprengisandsleið. Vatnajökulsvegur mundi stytta leiðina Egilsstaðir-Reykjavík um meira en 200km. Vegna þessarar gífurlegu styttingar væri auðvelt að klára þennan veg í einkaframkvæmd því vegtollur mætti allnokkur því bílstjórar spöruðu það mikið á þessari styttingu. Þegar þessi vegur væri kominn mundi innlendum og erlendum ferðamönnum á SV-horninu til Austurlands fjölga geysilega, m.a. vegna möguleika á mörgum nýjum hringleiðum.

Um 1975 hóf ég undirritaður að vinna að gerð skipulags fyrir landið allt; landsskipulags, og hef skrifað um það sex bækur. Landsskipulagstillaga mín inniheldur t.d. hugmyndir um hálandisvegakerfi þar sem Austurland tengist Sprengisandsvegi með vegi norðan Vatnajökuls, eins og skýrt var áðan. Stórt skref í þróun hálandisveganna gerðist árið 2001 þegar, í fyrsta sinn gerð tillaga um þá í samræmdri Samgönguáætlun, en í þeirri áætlun er kerfi samgangna á sjó, í lofti og landi eru samþætt. Var áætlunin samþykkt af Alþingi sem Samgönguáætlun fyrir 2003-2014, og hefur lítið breyst í seinni samþykktum þingsins. Hérna eru fjórir hálandisvegir gerðið að stofnvegum í vegakerfinu, en enginn slíkur stofnvegur er hinsvegar sýndur til Austurlands, vegna þess að svæðisskipulagið gerði ekki ráð fyrir honum. En árið 2015 mun þetta svæðisskipulag falla úr gildi, en í dag fara sveitarfélögin ein með skipulagsréttinn.

Vegna þess er í svokallaðri landsskipulagsstefnu, sem Svandís Svavarsdóttir lagði fyrir Alþingi, stuttu fyrir þinglok í vor, sett fram hugmynd sem ætlað er að framlengja líftíma skipulag miðhálandisins. Tillaga Svandísar komst, sem betur fer, ekki til umræðu né afgreiðslu fyrir lok þingsins. Nú er bara að vona að nýr Umhverfissráðherra leggi ekki tillögu Svandísar fyrir að nýju, því endurnýjuð tillaga um skipulagi miðhálandisins, mundi gera mjög erfitt að fá veg norðan Vatnajökuls samþykktan.

Landsskipulagsstefnan nýja ýðir mikla þróunarfjötra

Trausta on

agi hefur verið fjallað
orf á gerð lands-
lags fyrir Ísland. Var
ilraun um að koma
inn í skipulagslögin
en útvatnaðist í það
allað er lands-
lagsstefna. Með
glataðist tilgangur
skipulags þ.e. að
landsyfirlit og búa
rlit um framtíð-
un landsins. Um-
isráðherra lagði fram
varp um landsskipulagsstefnu
ingi í vor, en það komst ekki
ræðu.



Trausti
Valsson

gnæfandi vald verfisráðherra

upulagsmál á Íslandi falla undir
verfisráðherra, og í skipulags-
n segir: „leggur (ráðherrann)
á Alþingi tillögu til þingsálykt-
um landsskipulagsstefnu til
ra“. Þar með er vald umhverf-
herrans um mótun framtíðar
ds orðið yfirgæfandi. Við þetta
st svo í reglugerðinni 2011,
afdrifarík málsgrein sem seg-
Umhverfisráðherra) setur fram
ar áherslur landsskipulags-
u skuli vera.“

ók undirritaðs og Birgis Jóns-
Ísland hið nýja er fjallað um
skipulag er bent á mikilvægi
að landsskipulaginu sé stjórn-
forsætisráðherra en í stýrihópi
lka fulltrúar stjórnarandstöðu.
Það því að umhverfisráðherrann
erður stjórnandi mótunar
tíðarstefnu fyrir Ísland, urðu
dunaráherslur í landsskipulags-
anni ríkjandi, sbr. stefnumót-
bréf ráðherrans til Skipulags-
unar: „Mikilvægar forsendur í
ambandi eru aukin áhersla á
iruvernd, þar sem m.a. er tekið
af útbreiðslu tegunda og vist-
a, vistfræðilegu ástandi þeirra
erndargildi, náttúruvernd-
etlun, væntanlegri stefnu um
st og ferðamennsku.“ Sem
Áherslan skal vera á hinar
u bremsur á framtak, líft og

Yfirlitskort um verndun á miðhálandinu

- Friðlýst svæði og þjóðgarðar
- Svæði á náttúruverndaráætlun
- Svæði á náttúru-minjaskrá
- Náttúruverndarsvæði samkvæmt svæðisskipulagi
- Almenn verndarsvæði samkvæmt svæðisskipulagi



Myndin sýnir samsöfnun hina ýmsu tegunda verndunar á miðhálandinu, og eru ekki mörg svæði utan þeirra. Við bætast síðan „ósnortin víðerni“ sem ná til um helmingis landsins og „verndunarheildir“ landsskipulagsstefunnar, sem ná til alls miðhálandisins, fyrir utan tvö mjó mannvirkjabelti.

Yfirlit um svæði skilgreind hafa verið sem „ósnortin víðerni“ á Íslandi



Myndin sýnir svæði sem skilgreind hafa verið sem „ósnortin víðerni“ á Íslandi. Hér eru nær allar framkvæmdir, vegalögn osfrv. útilokaðar.

verið hefur í starfi ráðherrans að rammaáætlun, nema að nú skal landsskipulagsstefnunni beitt á ennþá markvissari hátt til að útloka möguleika fyrir framtíðinni.

Gerð landsskipulagsstefnu

Umhverfisráðherra fól Skipulagsstofnun að gera fyrstu landsskipulagsstefnuna með verndunaráherslur sínar að leiðarljósi. Fékk stofnunin til þess aðeins eitt ár.

Auglýsti Skipulagsstofnun *Tillögu um landsskipulagsstefnu 2013- 2024* sl. haust.

Athugasemdir komu frá 66 aðilum, margar mjög alvarlegar. Stofnunin skilaði umsögnum sínum um athugasemdirnar í desember. Mörgu er þar ónákvæmlega eða ekki svarað. Á grundvelli þessara gagna lét umhverfisráðherra búa til þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu sem lögð var fram á þinginu stuttu fyrir þinglok.

Dæmi um athugasemdir: „Suðurorka hefur almennt áhyggjur af áhrifum landsskipulagsstefnu. Suðuroorka hefur efasemdir um að Skipulagsstofnun sé rétti aðilinn til að fara með skipulagsvald miðhálandisins“. Vegagerðin bendir m.a. á alvarleika eftirfarandi ákvæðis:

„Grannsvæði Vatnajökulspjóðgarðs og Þjórsárvera njóti a.m.k. hverfisverndar.“ Um þetta ákvæði segir Vegagerðin: „Orðalag þess er afar opið og matskennt og skapar óvissu um stöðu svæða sem eru í nágrenni friðlýstra svæða.“

Fólk áttar sig ekki á hversu stórpólitískar ákvarðanir þær eru sem umhverfisráðherra hefur ætlað sér að koma fram með landsskipulagsstefnunni. Um þetta sagði Eiríkur Bjarnason verkfræðingur, á ráðstefnu um landsskipulagsstefnu sl. haust: „... (hún) er stórpólitískt plagg og til þess greinilega ætlað m.a. að hindra gerð verkjana, háspennulína og vega á hálendinu. Verndinni er ætlað að verða svo mikil að vandséð er hvernig nýta á landið og auðlindir þess...“.

Landsskipulagsstefnu þarf að móta í sátt

Mikilvægasta atriðið í gerð landsskipulagsstefnu er að hún sé unnin í sátt. Í þessu felst að landsskipulagsstefnu beri að setja fram sýn sem ekki er aðeins mótuð af

» Þörf er á gerð landskipulags fyrir Ísland. Tilraun til að koma þessu í skipulagslög útvatnaðist í það sem kallast er landsskipulagsstefna.

þeim sem eru við stjórnvölinn hverju sinni.

Eg undirritaður setti fyrstur manna fram hugmyndir um landskipulag fyrir um 38 árum og hef unnið að þeim alla tíð síðan. Eg tel að nálgunin við viðfangsefnið í fyrirliggjandi tillögu um landsskipulagsstefnu sé í mörgum grundvallaratriðum óheppileg eða röng.

Einn af göllunum við núverandi tillögu um landsskipulagsstefnu er að hún er í þremur hlutum: 1) miðhálandi, 2) búsetumynstur í dreifbýli og 3) haf- og strandsvæði, allt aðeins með sýn til 12 ára, og margt er unnið í smáum efasliksvarða sem tilheyrir svæðis- eða aðalskipulagsvettvangi. Með þessu tapast grundvallartilgangurinn með gerð landsskipulags; að móta skematíska heildarsýn til langs tíma.

Mat á áhrifum hnattrænnar hlýnunar

Í landsskipulagsstefnunni vantar að gera grein fyrir hve miklu hnattræn hlýnun mun breyta um forsendur byggðar á Íslandi. Dæmi: Ýmis láglandissvæði munu verða í hættu vegna hækkunar sjávar. Þá munu bæði gróður- og snjólínurnar færast ofar. Gróður mun því aukast á hálendi. Með þessu breytast hin „ósnoortnu“ víðerni; þau verða grænni og líkari svæðum á láglandi. Hugmyndir um verndun á hálendi þurfa að taka mið af þessu.

Með hnattrænni hlýnun munu snjóalög einnig minnka, sem þýðir að vetrarumferð á hálendisvegum verður auðveldari. Því er undarlegt að landsskipulagsstefnan leggi til að gerð vega á miðhálandinu skuli eingöngu miðast við þarfir sum-
arumferðar.

Höfundur er prófessor í skipulagsfræði við HÍ.